

Það er upplýst í málinu, að alfaravegur er um Sundstræti og Fjarðarstræti, en götur þessar liggja með suðausturhlið og norðurgafli hraðfrystihúss h.f. Norðurtanga.

Með framangreindu atferli hefur kærður gerzt brotlegur við 1. og 2. grein auglýsingar um breytingar á heilbrigðissamþykkt Ísafjarðar nr. 74/1937 og 85. grein lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 25/1931.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt til bæjar-sjóðs Ísafjarðar, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 100.00 til hins skipaða verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Hálfván Háldánarson, greiði 50 króna sekt til bæjar-sjóðs Ísafjarðar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann varðhaldi í 3 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvember 1945.

Nr. 95/1945. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**F. C. Day** (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

**Dómur hæstaréttar.**

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóupprátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum skipherrans kl. 0140, sem lýst er í héraðsdómi, og reyndist staðurinn 0,7 sjómilur innan landhelgislínu. Er því sannað, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, og varðar það brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. nefndra laga og lög nr. 4/1924.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgengi krón-

unnar er óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, F. C. Day, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. maí 1945.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn F. C. Day, skipstjóra á togaranum Yarmouth, F. D. 334, frá Fleetwood, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og eigin játningu kærðs.

Aðfaranótt hins 11. maí síðastliðinn var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð austur með landi undan Vík í Mýrdal um landhelgislinu. Kl. 0110 sást skip í A. ½ S. Kl. 0118 var haldið beint á skipið. Kl. 0123 var sett upp stöðvunarkerki. Kl. 0131 var lagzt að hlið skipsins, er reyndist vera togarinn Yarmouth, F. D. 334 frá Fleetwood. Var skipið að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Maður var settur um borð í togarann og þeim á togaranum sagt að nema staðar og um leið sett út dufl við hlið togarans, er byrjaði rétt á eftir að vinda upp vörpu sína.

Kl. 0140 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Dyrhólavíti

> 23° 50'

Hatta

> 65° 50'

Hjörleifshöfði

Dýpi 91 metri, er gefur stað togarans 0,8 sjómilur innan landhelgislínu.

Síðan var skipstjóri togarans sóttur um borð í varðskipið og honum sýndur staður duflsins, en hann kvaðst eigi geta mælt með sextanti, en hann hefði miðað Dyrhólavita N.V. og austurkant Hjörleifshöfða í N.A., þar sem hann var tekinn. Skipstjóranum var bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi og að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar.

Staðurinn, þar sem togarinn Yarmouth var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó aðfaranótt þess 11. maí s. l. og duflið var sett út, var af varðskipsforingjanum í réttinum fært út á sjókorti, er sýnt var í réttinum, og teikning af staðarákvörðuninni var lögð fram í réttinum. Komu staðarákvarðanirnar, er færðar voru út hér í réttinum, með öllu heim við staðarákvarðanir þær, er að framan er lýst, og viðurkenndi kærði þær vera með öllu réttar sem og skýrslu skipherrans á Óðni í heild og játaði að hafa verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á þeim stað og tíma, er í skýrslunni greinir. Hins vegar segir kærði, að hann hafi ekki vitað, að hann var í landhelgi, hann sé með öllu ókunnur hér við land, hafi aldrei komið til landsins áður.

Samkvæmt því, er að ofan segir, er það sannað í málinu með framburði varðskipsforingjans og eigin játningu kærðs, að hann hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærða, sem fæddur er 31. ágúst 1898, hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot. Þykir refsing hans með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 29500.00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33.90 aurum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur aflí innanborðs í togaranum Yarmouth og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, F. S. Day, greiði kr. 29500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Yarmouth, F.D. 334 frá Fleetwood, skal vera upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 46/1945. **Guðlaugur Guðmundsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur** (Gunnar Möller).

Innsetningargerð.

### Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 1200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Guðmundsson, greiði stefnda, Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur, málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. marz 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, Öldugötu 7, hér í bænum,